

- 18 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum
3. febr. þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ólafs-
fjarðar, nr. 51 30. marz 1948.

Atvinnuálaráðuneytið, 3. febrúar 1953.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

19

11. febr.

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Miðneshreppi.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru að lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestur.
- e. Skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

- a. Dansleikir og danssýningar.
- b. Loddara- og fjölleikasýningar.
- c. Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% og 15% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

Skatturinn er hundraðshluti af inngangseyri.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til styrktar listum o. s. frv.

5. gr.

Hreppsnefnd Miðneshrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið til þess sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimpunar, í tæka tíð, alla þá aðgöngumiða, sem nota á við skemmtunina.

Eigi seinna en tveimur dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá sem fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið. 19
11. febr.

Oddviti eða eftirlitsmaður skemmtana getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, en ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Miðneshrepps stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til menningarstarfsemi í hreppnum eftir því, sem hreppsnefnd ákveður á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00. Mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. febrúar 1953.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa.

20

13. febr.

I. KAFLI

Útgerðarsvæði fiskibátanna.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Miðneshrepp, Keflavík og Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppa í Gullbringusýslu, Hafnarfjörð, Reykjavík og Akranes, og nær til allra fiskibáta, sem stunda veiðar með línu á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí, sbr. þó 8. gr.

II. KAFLI

Róðrartími fiskibáta í Sandgerði.

2. gr.

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur, er gengur til fiskveiða með línu frá Sandgerði, fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 02.00
Í febrúar	— 01.00